



Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

- Viðtal við
Þór Sigurgeirsson
- bls. 10-12



Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Spara með annarri en eyða með hinni

Á nægjulegt var að hjúkrunarheimili var opnað á Seltjarnarnesi. Það voru einnig góð tíðindi að bæjarfélagið þyrfti ekki að taka rekstur þess að sér.

Rekstur hjúkrunarheimila hefur verið vandamál víða um land og fer sífellt vaxandi. Um tíma var lögð áhersla á að sveitarfélögin tæki rekstur þeirra að sér. Fljótt varð þó ljóst að miðað við þau daggjöld sem þeim voru ætluð af hálfu ríkisins höfðu þau ekki fjárhagslega burði til þess.

Mörgum sveitarfélögum sem glöptust til þess að taka rekstur hjúkrunarheimila að sér hefur tekist að losna undan honum en önnur sitja uppi með vandamál.

Eina lausn þessa máls er að ríkið leggi rekstri hjúkrunarheimila til nauðsynleg framlög hvort sem opinberir aðilar, félagsamtök eða einkaaðilar annast hinn daglega rekstur þeirra.

Vandi hjúkrunarheimila leiðir af sér annan vanda. Sjúkrahúsin sitja uppi með lasið fólk sem ekki getur annast um sig vegna þess að engin pláss eru á hjúkrunarheimilum.

Dæmi um það er að frá árslokum 2019 hefur verið fjölgað um 90 rúm á Landspítalanum til að bregðast við útskriftarvanda sjúkrahússins. Rúm sem notuð eru til þess að hýsa fólk sem ekki kemst að á hjúkrunarheimilum.

Er ekki verið að spara með annarri hendinn en eyða með hinni.

Skipulag lóðar við Kirkjubraut samþykkt

- Bjarni Álfþórs sat hjá

Samþykkt hefur verið breyting á aðal- og deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæða vegna Kirkjubrautar 20 vegna búsetukjarna fyrir fatlaða við Kirkjubraut. Tillagan var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum en engar athugasemdir komu fram í þessum umsögnum. Einnig bárust athugasemdir frá nágrennum sem snúa m.a. að því að opin svæði rýrni, umferð aukist og útsýni skerðist.



Hvíta brotalínan afmarkar svæðið þar sem búsetukjarni fyrir fatlaða einstaklinga mun rísa við Kirkjubraut 20.

Bjarni Álfþórsson sagði í bókun fátt gleðja sig meira á vettvangi bæjarstjórnar en að nú stýttist í að bygging á búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga verði að veruleika. Hann segir umræðuna hafa verið langa og mörg sjónarmið á lofti. Niðurstaðan sem nú liggja fyrir sé að búsetukjarninn rísi á nýrri lóð við Kirkjubraut 20. Bjarni segir í bókuninni viðkvæmt að fara inn í gróid hverfi og stofna nýja lóð og því þyki sér miður að ekki hafi verið tekið betur tillit til þeirra athugasemda sem bárust frá íbúum í nágrenni hins nýja búsetukjarna. Í upphaflegum tillögum arkitekta hafi til að mynda verið lagt til að húsið yrði staðsett fjær núverandi byggð við Kirkjubraut eða um 30 metra. Eftir meðferð málsins hjá umhverfisnefnd ákvað skipulagsnefnd að færa húsið átta metrum nær núverandi byggð en áður hafði verið gert ráð fyrir. "Með þessu finnst mér að ekki hafi verið gætt meðalhófs gagnvart húseigendum við Kirkjubraut og því get ég ekki samþykkt þessa tillögu og sit því hjá við afgreiðslu málsins."



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stentst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Það er stutt í ferðalagið og líka í Nesdekk!

Réttu dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á **nesdekk.is**
Þar er hægt að sjá verð á dekkjum okkar og panta sér tíma í dekkjaskipti!

Sjáðu úrvalið á
nesdekk.is

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996

Vilja friðlýsa alla Seltjörn

Nú er unnið er að uppferslu friðlýsingarskilmála fyrir friðlandið í Gróttu. Umhverfisnefnd Seltjarnarness leggur til að einnig verði gerð stjórnunar- og verndaráætlun og að friðlandið verði stækkað með því að öll Seltjörn verði hluti af því þótt það verði undir öðrum skilmálum en núverandi friðland. Gróttta er sem kunnugt er í raun eyja sem tengd er við land af mjóum granda sem fer á kaf á flóði. Hún var friðlýst árið 1974.



Gróttta er við nyðri hluta Seltjarnar. Seltjörn var lokuð en opnaðist í Básendaveðrinu sem gekk yfir suðvestanvert landið 9. janúar 1799 er talið vera eitt hið alharðasta á landi hér sem sögur greina frá.

Í bókun umhverfisnefndar Seltjarnarness fyrr í þessum mánuði kemur fram það álit að margt kalli á uppferslu skilmála fyrir friðlandið Grótttu. Skilmálarnir frá 1974 séu að mörgu leyti barn síns tíma. Umferð hafi aukist og árum saman hafi ungar ekki verið orðnir fleygir 15. júlí þegar opnað hefur verið fyrir umferð. Hannes Tryggvi Hafstein, formaður umhverfisnefndarinnar segir að skerpa þurfi á því og fleiru. Hann nefnir að starfsfólk bæjarins þurfi að geta komist á bíl út í Grótttu til að sinna fasteignum utan varptíma en samkvæmt núverandi skilmálum er það bannað árið um kring. Hannes segir að Gróttta sé vinsæll viðkomustaður ferðafólks og höfuðborgarbúa. Í bókun umhverfisnefndar er nefnt að til viðbótar vinsældum Grótttu komi væntanleg áhrif reksturs veitingahúss í Ráðagerði og Náttúruminjasafns í Nesi fram. Þá ógni sjósport fuglalífi á varp- og uppeldistíma. Umhverfisnefndin segir að Gróttta og Seltjörn séu heildstæð eining með tilliti til náttúrufars, ólíkra vistkerfa og lífríkis. Þar á meðal fuglalífs. Friðlandi geti verið skipt niður í minni svæði þar sem gildi mismunandi friðunar- og umgengnisreglur með tilliti til sérstaks hlutverks þeirra. Nefnd eru í því sambandi varpsvæði, uppeldissvæði unga, fæðuöflun fugla og útivist fólks. Nefndin leggur til að starfsþópur sem vinnur að undirbúningi endurskoðunar friðlýsingar skoði kosti þess að stækka friðland Grótttu þar sem öll Seltjörn yrði hluti af friðlandinu. Nánar spurður um þetta segir Hannes að hluti Seltjarnar sé nú þegar hluti af friðlandinu. Gróttta og Seltjörn séu heildstætt náttúrusvæði. Þar sé fæðuuppspretta fuglanna og þar taki ungarnir fyrsta flugið. Segir hann að auka þurfi svigrúm fugla á varp- og uppeldistíma vegna álags og röskunar sem sjóíþróttir geti haft á viðkvæmum tíma í lífsferli fugla og því hafi verið farið fram á að Seltjörn verði hvíld frá 1. maí til 1. ágúst.

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis



Á myndinni má sjá nýtt deiliskipulag Melabrautar 20 og Valhúsabrautar 19.

Bæjarstjórn Seltjarnar-bæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. mars sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkahverfis. Er það vegna lóðanna Melabraut 20 og Valhúsabraut 19.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að rífa núverandi hús sem er með tveimur íbúðum en núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir þremur íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum.

Hámarks byggingarmagn fer úr 550 fermetrum í 600 fermetra og hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,6 í 0,65. Í deiliskipulagsbreytingunni felst einnig að rífa núverandi hús sem er einbýlishús með auka íbúð. Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir tveimur íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum. Hámarks byggingarmagn fer úr 483 fermetrum í 571 fermetra hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,55 í 0,65.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri skrifar

Aðlögun og sóknarfæri eftir Covid19

Undir stjórn sjálfstæðismanna hefur Seltjarnarnesbær boðið íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,7%, lægstu fasteignagjöldin og hæstu tómstundastyrkina 50.000 kr. fyrir aldurinn 5 til 18 ára. Halli var á rekstri bæjarins á síðasta ári, en við erum bjartsýn á að fjárhagurinn muni vænkast á næstu missurum, þegar jafnvægi hefur náðst milli gjalda og útsvarstekna vegna Covid19.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2020 var lagður fram af bæjarstjóra 15. apríl sl. til fyrri umræðu. Fram kom í þeim reikningi að hann gefi glögga mynd af rekstrinum, en halli á rekstri bæjarins vegna ársins 2020 er vegna uppreiknings á lífeyrisskuldbindingum sem færð eru sem gjöld að fjárhæð 210 mkr. og vegna samþykktar bæjarstjórnar til að mæta áhrifum vegna Covid19 að fjárhæð 158 mkr. sem einnig er fært til gjalda. Í þannig árferði eins og við höfum búið við vegna Covid19 er nauðsynlegt að gera greinarmun á kostnaði sem til fellur vegna Covid19, lífeyrisskuldbindinga og svo almenns reksturs bæjarfélagsins.

Rekstur bæjarfélagsins er traustur, starfsfólk bæjarins hefur brugðist við og aðstoðað við stefnumótandi ákvarðanir um hvernig snúa megi við þeirri þróun að gjöld fari ekki fram úr tekjum á ársgrundvelli og ber ársreikningurinn glögga mynd af því að það hefur tekist. Haldið verður

áfram að spyrja þeirra spurninga hvernig hægt sé að byggja undir þá þjónustu sem bærinn veitir án þess að auka útgjöld og þannig að þjónustan samræmist tekjuflæðinu.

Miklar framkvæmdir undanfarin ár

Á þessu kjörtímabili hafa verið miklar framkvæmdir hjá bænum. Framkvæmt hefur verið fyrir hátt í fjóra milljarða.

Hátt þjónustustig metnaðarmál

Meirihlutinn á Seltjarnarnesi hefur ávallt forgangsraðað í þágu velferðarmála og skólamála. Við höfum metnað fyrir framúrskarandi þjónustu, það er enginn slaki í kerfinu hjá okkur, hátt þjónustustig útskýrir það. Við þurfum á sama tíma og við erum með lægstu útsvarsálagningu að skoða hvernig hægt sé að nýta enn betur tekjur bæjarins. Blikur eru á lofti og enginn getur spáð fyrir hvenær Covid19 faraldurinn hættir að hafa áhrif á efnahag landsins. Enginn vafi er á því að rekstur sveitarfélaga verður erfiðari í ár en í fyrra. Atvinnuleysi hefur aukist verulega og á Seltjarnarnesi er það núna 9%.

Ný byggð við Bygggarða

Ég lít bjartsýn fram á veginn. Bærinn er með eitt lægsta skuldavíðmið landsins og hefur því

svigrúm til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Hann hefur einnig mikil sóknarfæri. Uppbygging á nýju íbúðasvæði við Bygggarða er að hefjast og fjölgun skattgreiðenda því framundan. JÁVERK hefur tekið yfir verkefnið af Gróttubyggð ehf. og mun fljótlega kynna uppbyggingu svæðisins.

Bæjaryfirvöld hafa nú tækifæri til að skoða alla innviði bæjarfélagsins með það að markmiði að veita áfram góða og öfluga þjónustu en auka ekki útgjöld bæjarins umfram tekjustofna þess.

Ánægja og athafnasemi

Seltjarnarnesbær er fjölmennasti vinnustaðurinn á Seltjarnarnesi, en þar starfa rúmlega 320 manns. Starfsemin er m.a. grunnskóli, frístund, leikskóli, tónlistarskóli, íþróttamiðstöð, sundlaug, félagsmiðstöð, félagsþjónusta, bókasafn, þjónustumiðstöð og bæjarskrifstofur. Góða rekstrarmiðstöðu á Covid19 tímum ber að þakka starfsmönnum bæjarins, þar sem áherslan er á skilvirka stjórnun og öfluga þjónustu við íbúa.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



Cooper Zeon 4XS Sport

- Henta undir fjórhjóladrifna jeppann þinn
- Mjúk og hljóðlát í akstri
- Veita góða aksturseginnleika og gott grip á þurrum og blautum vegi



Cooper Zeon CS8

- Afburða veggrip og stutt hemlunarvegjarlengd
- Einstaklega orkusparandi
- Hljóðlát með góða vatnslosun



Cooper AT3 4s

- Frábær allhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum
- Hljóðlát og mjúk í akstri



Hjólbarðapjónusta N1

Bildshófa	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarháls	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opið mánudaga til föstudaga kl. 8-18
Laugardaga kl. 9-13



Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021

Björn Kristinsson (Bjössí Sax) útnefndur

Björn Kristinsson, tónlistarmaður eða „Bjössí Sax“ eins og hann er betur þekktur var útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021. Útnefningin fór fram við hátíðlega athöfn í Gallerí Gróttu á Seltjarnarnesi í takt við sóttvarnatáknmarkanir þriðjudaginn 13. apríl.

Þetta var í 25ta sinn sem bæjarlistamaður Seltjarnarness er útnefndur en Menningarnefnd Seltjarnarness sér um val bæjarlistamanns ár hvert. Í heiðursathöfninni veitti Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar Birni viðurkenningarskjal ásamt starfsstyrk að upphæð 1.000.000 kr. sem fylgir nafnbótinni.

Björn ION Kristinsson fæddist 24. maí 1994 í Bucharest í Rúmeníu og var ættleiddur til Íslands 8 mánaða gamall. Hann hóf snemma tónlistarferil sinn en hann byrjaði sem barnastjarna í þáttunum Söngvaborg sem Róbert Bangsi. Hann lærði síðar söng hjá Garðari Thor Cortez og Keith Reed og hóf nám á saxophone 11 ára gamall, fyrst í Tónlistarskóla Seltjarnarness en síðar í FÍH og MÍT. Hann lauk burtfararprófi frá MÍT á saxophone árið 2018. Björn tók



Á myndinni eru: Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar Seltjarnarness, Björn Kristinsson bæjarlistamaður og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

Mynd: Kristín Arnþórsdóttir.

einnig þátt í tónlistarnámi á vegum Berklee Collage of Music: at Umbria Jazz Classics 2017.

Björn hefur hlotið ýmiss tónlistarverðlaun. Hann vann tónlistarverðlaun MH – Óðríkur Algaula, var í undanúrslitum Iceland Got Talent og hlaut fyrstu verðlaun

í Músiktilraunum (blástur). Að auki fékk hann fyrstu verðlaun þegar hann vann „Nótuna“; uppskeruhátið tónlistarskólanna í tvígang. Bæði með Jazzsveit Tónlistarskóla Seltjarnarness og síðar með Stórsveit (Big Band) FÍH.

Björn ION (Bjössí Sax) hefur unnið



Bjössí Sax tók að sjálfsgöðu lagið á saxophoninn sinn við útnefningu bæjarlistamanns Seltjarnarness 2021.

Mynd: Kristín Arnþórsdóttir.

sem tónlistarmaður með ýmsum hljómsveitum m.a. Kiriya Family, White Signal, Trío Bjössá Sax og í A liði Veðurguðanna. Nú síðast hefur hann spilað með Ingó í þáttum Stöðvar 2 „Í kvöld er gígg“ þar sem hann hefur heldur betur slegið í gegn.

Birni eru færðar innilegar hamingju-óskir með heiðursnafnbótina, Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021 og munu Seltirningar að sjálfsgöðu fá að njóta hæfileika hans á árinu.

UMHVERFISDAGAR

Á SELTJARNARNESI 3. - 10. MAÍ 2021

Seltirningum gefst kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma á fimm stöðum í bæjarfélaginu frá 3. - 10. maí nk.

Gámarnir verða staðsettir við **Smábátahöfnina, á horni Lindarbrautar og Norðurstrandar, Eiðistorgi, Austurströnd 1 (bílaplan) og við Sæbraut 2 (bílaplan)**. Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu.



SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND



Það á að vera gott að búa á Seltjarnarnesi

Seltirningar hafa í gegnum tíðina verið ánægðir með að búa á Seltjarnarnesi. Sterk tengsl við náttúruna, öflugt samfélag íbúa og sú góða þjónusta sem starfsfólk bæjarins býður upp á hefur skilað því að Seltjarnarnesbær hefur árum saman raðast í efstu sæti þjónustukönnunar sveitarfélaga.

Síðastliðin ár hefur þróunin þó verið niður á við. Meirihluti í bæjarstjórn Seltjarnarness hefur dregið úr þjónustu, hækkað gjaldskrár en þrátt fyrir það skilað taprekstri ár eftir ár. Nýjasta könnun Gallup um þjónustu sveitarfélaga sem unnin var í nóvember og desember 2020 sýnir að áfram minnkar ánægja íbúa og mælist sveitarfélagið nú undir meðaltali á flestum sviðum og er farið að verma neðstu sætin í könnuninni.

Þessi niðurstaða er áfellingdómur yfir stjórn meirihluta Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi á þessu kjörtímabili. Ánægja íbúa á stjórnslu og þjónustu fellur í flest öllum spurningum og hefur þróunin verið niður á við allt kjörtímabilið.

Einkunnir eru gefnar á skalanum 1-5 þannig að 5 er hæsta einkunn sem gefin er. Þegar fólk er spurt um hversu ánægt það er með þjónustu Seltjarnarnesbæjar í heildina litið þá erum við komin frá því að vera yfir meðaltali allra sveitarfélaga árin 2008-2016 með einkunnina 4,1 til 4,3 niður í að vera undir meðaltali með einkunnina 3,4, en meðaltal allra sveitarfélaga árið 2020 er 3,8.

Sveitarfélagið sem staður til að búa á hefur lækkað ár frá ári frá árinu 2008 þegar einkunn var 4,6 og vel yfir meðaltali sem var 4,3 niður í að

vera undir meðaltali 2020 (4,2) með einkunnina 4.

Þjónusta við börn, ánægja með grunnskólann og leikskólann, þjónusta við fatlað fólk, ánægja með skipulagsmál, eigið umhverfi, sorphirðu og þjónustu skrifstofu sveitarfélagsins – allstaðar var sveitarfélagið yfir meðaltali allra sveitarfélaga en er nú komið undir meðaltalið.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.



Sigurþóra Bergsdóttir.

Þessar niðurstöður sýna stöðuga neikvæða þróun – ekki bara í einum þætti þjónustunnar heldur á öllum sviðum. Það er mikilvægt að taka þessar niðurstöður alvarlega og að núverandi meirihluti horfist í augu við það að hann er að fá lægstu einkunn sem íbúar hafa nokkurn tíman gefið sveitarfélaginu. Góðu fréttirnar eru þó þær að með einföldum áherslubreytingum við stjórn sveitarfélagsins er vel hægt að snúa þessari þróun við. Bæjarstjórnin þarf að ná tökum á rekstrinum, auka samráð við íbúa og snúa vörn í sókn á flestum sviðum, þó sérstaklega í skóla- og frístundamálum. Það er eðlileg krafa enda á að vera gott að búa á Seltjarnarnesi.

Guðmundur Ari Sigurjónsson - Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga
Sigurþóra Bergsdóttir - Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga

Það er ekkert mál að spara saman í appinu

Nú getur fjölskyldan eða vinahópurinn sparað saman í Landsbanka-appinu. Það tekur bara örstutta stund að stofna reikning og þið getið öll fylgst með þangað til markmiðinu er náð.

—
ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA



Betri lýsing við Hitaveituhúsið



Á myndinni má sjá hina nýju lýsingu við Hitaveituhúsið.

Fyrir nokkru barst réttmæt ábending frá íbúa um að lýsingin við gangbrautina hjá Hitaveituhúsinu og yfir Lindarbrautina mætti vera betri.

Góð ábending leiddi til þess að þetta hefur nú verið lagað með því að sett var upp ljós sem lýsir beint niður á gangstéttina við gangbrautina. Að auki var kantsteinninn við gangbrautina málaður gulur til að varna því að bílar leggi of nálægt gangbrautinni.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



NÝ SENDING AF DUGGARPEYSUM

WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



Jónína Magnúsdóttir (Ninný) myndlistarkona.

Ninný með vinnustofu og gallerí á Eiðistorg

Jónína Magnúsdóttir myndlistarkona eða Ninný eins og hún kallar sig hefur opnað vinnustofu og gallerí á Eiðistorg. Ninný lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1978 og hefur starfað við myndlist frá námslokum.

Ninný hefur haldið átján einkasýningar og hefur auk þess tekið þátt í samsýningum á Íslandi og Norðurlöndunum. Þá hlaut hún heiðurslaun úr menningarsjóði Garðabæjar árið 2000.

Ninný hefur verið virk í félagsstarfi myndlistarmanna og á um þessar

mundir sæti í stjórn Norræna vatnslitafélagsins. Landsbanki Íslands, Landspítalinn, bæjarsjóður Garðabæjar og fleiri stofnanir og fyrirtæki eiga verk eftir Ninný. Málverk Ninnýar fjalla oft um manneskjuna en einnig eru þau óhlutbundin og notar hún olíu, akrýl, vatnsliti og fleiri efni. Hún gerir jafnframt þrívíð verk, ljósskúlpútra sem hún kallar Ljósmaal og eru einskona málverk sem lýst eru upp innan frá. Verkin mín má sjá á heimasíðu minni www.ninny.is og ninnyartist á facebook og instagram.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn

Covid var ákveðin lífsreynsla

Seltirningurinn Þór Sigurgeirsson smitaðist af Covid 19 í október á síðasta ári. Hann dvaldi allan mánuðinn í sumarbústað fjölskyldunnar, fyrstu dagana einn en síðan bættust tvær dætur hans við eftir að þær höfðu greinst smitaðar. Þór var illa haldinn um tíma einkum vegna aukaverkana sem reyndist vera lungnabólga. Hann var í meira en mánuð frá vinnu en hefur að eigin sögn náð sér að mestu. Einna erfiðast hafi verið að missa bæði bragð- og lyktarskyn. Það dugði ekkert til þess að ná því fram. „EKKI einu sinni pizza löðrandi í Tabasco sósu og pipar.“ Þór hitti Nesfréttir í spjalli á Kaffi Örnunni á Eiðistorgi á dögum þar sem veikindin ásamt öðru bar á góma.

„Já, ég veiktist af Covid 19 og var greindur þann 1. október á síðasta ári. Þetta var í upphafi þriðju bylgju. Það hafði verið starfsdagur í vinnunni hjá mér. Við vorum 15 manna hópur sem fórum meðal annars í Bláa lónið og borðuðum á veitingastaðnum þar, auk þess sem við stoppuðum í stutta stund á bar í Hafnarfirði á heimleiðinni. Trúlega hefur einhver þar verið smitaður en fleiri smit voru rakin til staðarins þetta kvöld, þó auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um það. Þessi ferð var farin á laugardegi og fyrstu einkenni byrjuðu að koma fram á þriðjudegi þó maður hafi alls ekki áttað sig á því þá. Mín einkenni versnuðu mjög hratt, ég varð fljótt slappur og byrjaði að hósta. Í fyrstu var ég eitthvað að reyna að malda í móinn en María konan mín kvaðst sjá öll einkenni Covid á mér, setti mig strax í einangrun heima og ég fór svo í próf á fimmtudagsmorgni sem kom jákvætt út. Ég var í framhaldi drifinn beint upp í sumarbústaðinn okkar til að vera ekki innan um annað fólk en þá var ég í raun orðinn sárlasinn. Við erum sex í heimili og því ekki annað í boði en að einangra mig frá fjölskyldunni og öðru fólk.“

Komum hvert af öðru í sumarbústaðinn

Hvernig var vistin – ólík hefðbundinni sumarbústaðadvöl? „Hún var það. Fyrst var ég einn en síðar komu tvær dætur mínar sem þá höfðu einnig sýkst. Arna Björk sem er tvítug kom fyrst, fimm dögum eftir að ég greindist og síðan Marta Sif sem er yngsta dóttirin í fjölskyldunni og 13 ára en hún greindist viku eftir að Arna greindist. Ég var með mikla hálsbólgu, hósta og hita og höfuðverk og fann fyrir sjóntruflunum. Skritinn höfuðverkur á bak við augun sem ekkert verkjalyf sló á. Síðan hvarf bragð- og lyktarskynið alveg sem var mjög óþægileg. Ég var í raun mjög lasinn ekki síst fyrstu dagana. Eftir tíu daga varð hægur viðsnúningur í batanum og svo fór að ég var útskrifaður af Covidgöngudeildinni eftir 14 daga eins og venjan er. Ég var hins vegar áfram í sumarbústaðnum enda voru dæturnar enn í einangrun, þær fóru betur í gegnum veikindin en ég þó að dagarnir hafi verið mismunandi og einkennin voru sumpart ólík. Marta fór í raun léttast út úr þessu hvað einkenni varðaði en hún þurfti þó að vera lengst í sóttkví og einangrun því hún smitaðist svo seint í ferlinu. Það fór síðan svo að mér sló heiftarlega niður örfáum



Þór á nýja pallinum sem hann er búinn að vera að smíða við bústaðinn í Kjósinni.

dögum eftir útskrift, var líklega ekki búinn að ná mér nægjanlega vel. Eins og hendi væri veifað versnaði mér verulega, var kominn með 40 stiga hita og djúpan hósta. Þá hringdi ég í konuna mína og í Covid göngudeildina á Landsspítalanum þar sem að læknir vildi fá mig í bæinn helst innan klukkustundar með sjúkrabil. Það var allt sett í gang við að flytja mig og Mörtu, sem þá vorum ein eftir í bústaðnum, í bæinn. Það var ekki einfalt verkefni því ég var fátveigur.“

Flutt á tveimur bílum

Hvernig leystu þið þetta. „Þetta var leyst með þeim hætti að Arna Björk og Sara Bryndís elsta dóttirin, brunuðu í Kjósina til að sækja okkur. Marta pakkaði okkur saman og Arna sú eina sem mátti umgangast okkur vegna covid keyrði okkur á mínum bíl í bæinn en Sara keyrði á eftir okkur. Mér var skutlað beint á bráðamóttöku Landspítalans þar sem teknar voru blóðprufur og lungnamyndir en þrátt fyrir að vera fátveigur og með háan hita var mér hent út um nóttina. Læknir sem annaðist mig sagði að þetta væri veirusýking og því væri lyfjagjöf óþörf, að lungnamyndir hafi komið betur út en þeir hafi átt von á. Ég fór heim og beint í einangrun heima enda þá ekki öruggt hvort ég væri enn smitandi af covid. Niðurstöður úr blóðprufu staðfestu hins vegar daginn eftir að svo væri ekki heldur að ég væri byrjaður að mynda

mótefni. Ég var hins vegar ekki til neins dögum saman, lá að mestu í bælinu alltaf að bíða eftir því að mér myndi batna en fór bara versnandi. Á fimmtudegi var mikið af mér dregið og okkur leist ekkert á ástandið. Við höfðum samband við minn heimilislækni sem setti mig strax á sterk sýklalyf eftir að hafa ásamt smitsjúkdómalækni skoðað lungnamyndirnar frá spítalanum en þær sýndu heiftarlega lungnabólgu. Það virðist sem það hafi hreinlega átt sér stað mistök á spítalanum þegar að ég var sendur heim án þess að fá sýklalyf eða frekari eftirfylgni. Ég get svo sem vel skilið það þó þetta hafi verið mjög óheppilegt og ég varð verulega veikur en það var mjög erfitt ástand á bráðamóttökunni þetta kvöld þegar ég var lagður inn. Þetta var akkúrat á þeim degi er spítalinn var settur á neyðarstig. Það var gríðarlegt álag á bráðadeildinni og allir að reyna að gera sitt besta við erfiðar aðstæður.

Einkennin eru horfin

„Þetta var ákveðin lífsreynsla,“ segir Þór. „Ég var veikur allan október án þess að vita hvað stefnu þetta myndi taka. Með sýklalyfjunum fór mér að lokum að batna af lungnabólgunni og í byrjun nóvember fór ég að mæta aðeins til vinnu. Ég varð að fara mér hægt í byrjun og reyndi einnig að hreyfa mig en ég var mjög þreklaus. Fór út að ganga og þrótturinn kom smá saman. Ég fann hvað það var ánægjulegt að koma til baka. Einkennin hurfu og ég er farinn að finna bragð og lykt – það byrjaði að koma rétt fyrir jól. Ég var í ágætu formi áður fyrr og hef ef til vill notið þess að einhverju leyti við að ná bata. Þór segir einkennilegt hvernig fólk smitast af þessari veiru. Hvaða smitleiðir hún fer. „Ég veiktist og var smitandi inni á heimilinu þar til ég var greindur og sendur í einangrun upp í sumarbústað okkar. Arna smitaðist af mér og Marta virðist svo hafa smitast af Örnunni því hún hafði greinst neikvæð í covid-prófi daginn sem Arna greindist. María konan mín sem þó hefur alltaf átt auðvelt með að ná sér í influensu veiktist aldrei. Veiran skautaði alveg alveg fram hjá henni sem stóð í ströngu þessu tengt sem og Söru elstu dóttur okkar og Daniel Þór sem er 11 ára. Þetta var mikið álag á fjölskylduna sem þurfti að vera í rúmar þrjár vikur í sóttkví en hún framlengdist með hverju smitinu sem greindist. Þau voru með stöðuga sóttthreinsun inni á heimilinu og pössuðu upp á allt og alla. Það er svo skritið hvernig hluti af fjölskyldum veikist en svo eru aðrir fjölskyldumeðlimir sem finna aldrei fyrir neinu. Og þetta fer ekki endilega eftir því í hvernig heilsufarslegu ástandi fólk er. Þarna virðist eitthvað annað ráða för. Ég var þó að sumu leyti heppinn ef um heppni skyldi kalla þegar maður er veikur því við komumst frá þessu án teljandi eftirkasta. Ég var í sumarbústaðnum í Kjósinni í því besta haustveðri sem hægt er að hugsa sér en urðum þó að hanga innan dyra. Góðir vinir okkar og fjölskylda voru dugleg að passa upp á okkur, sendu mat og gjafir, maður er óendanlega þakklátur fyrir hlýhuginn. Þetta var engu að síður óraunverulegt ástand.“ Ég er orðinn eldhress í dag og dæturnar hafa einnig náð sér að fullu. Þrekið



Fjölskyldan öll - Þór, Sara Bryndís, Marta Sif, Daníel Þór, Arna Björk og María Björk.

mitt er allt að koma en ég hef verið að röltu á eitt fjall á viku með nokkrum vinnufélögum. Búnir með með þetta helsta svo sem Esjuna, Úlfarsfell, Helgafell og Akrafjallið. Það virðist sem allt virki og kallinn sé bara í finu standi.“

Nesbúi í húð og hár

Þór er Seltirningur í húð og hár. Foreldrar hans

voru Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri til áratuga og Sigríður Gyða Sigurðardóttir myndlistarkona. Hann er yngstur í þriggja systkina hóp. Kona Þórs er María Björk Óskarsdóttir sviðstjóri þjónustu- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar sem einnig er tengd Nesinu en faðir hennar Óskar Friðþjófsson rak lengi rakarastofu á Austurströnd. En hvernig var að alast upp sem sonur bæjarstjórans til

margra ára í litlu samfélagi þar sem nær allir þekktu alla? „Ég fann eðlilega fyrir því að vera sonur þabba sem var allt í öllu hér. Hjá því varð ekki komist. Þabbi lifði fyrir Seltjarnarnes enda ævistarfið hans hér í bæ. Hann var framsýnn og hafði alla tíð óbilandi trú á Nesinu og framtíð þess. Á mörgum heimilum hér á Nesinu og víðar má svo sjá málverkin hennar mömmu og þabbi var hér á mótunarárum sveitar og bæjarfélagsins. Ég er mjög stoltur af arfleifð og verkum þeirra beggja.“

Samferða Gróttu

Þór hefur starfað mikið með Gróttu í gegnum tíðina enda má segja að þau hafi orðið samferða inn í tilveruna. „Ég er fæddur 7. apríl 1967 og Garðar Guðmundsson stofnaði íþróttafélagið Gróttu 24. apríl þegar ég var liðlega tveggja vikna. Ég tengdist Gróttu og íþróttahúsinu snemma, var í fótbolta og handbolta fram á fullorðinsár. Krakkarnir okkar hafa öll verið í Gróttu, flest í handbolta en Daníel er líka í fótbolta. Ég hef undanfarin ár verið í „baklandi“ félagsins og nýtt mín tengsl til að afla styrkja og vera félaginu innan handar til dæmis með vinninga, veislustjórn og ýmislegt tilfallandi. Var á dögnum svo lánsamur að hljóta gullmerki Gróttu og af því er ég mjög stoltur. Er svo tengdur í Old boys Gróttu í fótbolta og spila gólf í Nesklúbbnum með gömlu handboltavinum mínum úr Gróttu og fleirum.“

Framhald á bls. 12.

Kjöt

kompaní

GRANDI

Hafnarfirði & Grandá

www.kjotkompani.is

☎ 578 9700
✉ kjotkompani@kjotkompani.is
f kjotkompani

Framhald af bls. 10-11.

Tengslanetið

Þór hefur alla tíð starfað við sölu og þjónustu, lengi vel hjá innflutningsfyrirtækjum en síðar í tryggingamálum um árabíl. „Þar kynntist ég mjög mörgu fólki og fyrirtækjum. Tryggingastarfið er að vera til staðar og aðstoða fólk eftir megni lendi það í áföllum. Sú reynsla sem ég fékk þar var bæði skemmtileg og lærdómsrík. Ég verð alltaf tryggingamaður og enn þann dag í dag hefur fólk samband við mig út af tryggingamálum sem mér þykir bara vænt um. Það er nefnilega þannig að flestir vilja hafa samband við einn aðila hjá sínu félagi til að ræða sín mál. Fyrir þann hóp einstaklinga og fyrirtækja sem ég sá um var síminn alltaf opinn. Í dag starfa ég sem söluráðgjafi hjá feðgum sem eiga og reka Rými. Þar nota ég mín tengsl til að koma á viðskiptasamböndum og hefur það gengið vonum framar. Ég kann ágætlega við mig í því starfi og nýti þá reynslu sem ég hef bæði úr sölu- og tryggingabransanum til að tengja hér inn einstaklinga og fyrirtæki og búa til tækifæri. Þetta er vitanlega allt sala og þjónusta sem

er minn heimavöllur. Ég er með fullt fang af verkefnum sem ég er að vinna að og eru virkilega spennandi.

Ekkert skúbb

Þór hefur Seltjarnarnes bæði fyrir augum og undir fótum frá degi til dags. Hann er alinn upp við fótskör bæjarmálanna. „Ég hef nú meðvitað haldið mig frá bæjarmálunum undanfarnin ár en auðvitað fylgdist ég með og hef mínar skoðanir á hinu og þessu. Ég var í bæjarmálunum fyrir um áratug og var það að mörgu leiti áhugavert. Ég þykist vita að Nesfréttir vilji koma með skúbb um að ég muni bjóða mig fram aftur að ári. Slíkar pælingar eru raun eitthvað sem ég hef ekkert verið að hugsa um, þrátt fyrir reglubundna hvatningu félaga minna í heita pottinum í Neslauginni á morgnanna. Þannig að það er ekkert ákveðið í þeim efnum. Nei – ég sé ekki fyrir mér að ég fari af Nesinu. Mér þykir of vænt um Nesið til þess. Finnst ég vera náskyldur því og hér líður fjölskyldunni afar vel. Ég tel að að Nesið verði áfram eftirsóknarvert fyrirmyndarsamfélag. Ég sé bjarta framtíð fyrir mér hér en það er auðvitað okkar sem hér búum að tryggja að svo verði.“

Ungt fólk til áhrifa á Seltjarnarnesi

Við íbúar á Seltjarnarnesi erum um 4.700 talsins. Þar af eru Seltirningar á aldrinum 10-29 ára 1.225 eða ríflega fjórðungur íbúa. Mikilvægt er að þessi hópur hafi rödd. Ungt fólk hefur löngum upplifað sig áhrifalaust vegna þess að það er ungt. Þegar ungt fólk er spurt hvers vegna það nýti síður kosningarétt sinn eru svörin iðulega á þá leið að það skorti aðgengilegar upplýsingar. En þrátt fyrir æ betra aðgengi að upplýsingum hefur þessi hópur fjarlægst stjórnsmál. Vafalaust hafa flestir þeir sem eldri eru upplifað sig í þessum sporum á sínum yngri árum.



Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir.

Öldurót Covid hefur fært okkur ný tækifæri til að mæta á fundi um hin ýmsu málefni án þess að yfirgefa heimilið. Eru nú uppi aðstæður til að velja áhuga ungs fólks á stjórnsmálum sem aldrei fyrir. Mæta ungu fólki á þeirra forsendum. Hinar ýmsu rannsóknir hafa leitt í ljós að kosningaþátttaka eykst samfara aukinni þekkingu á stjórnsmálum. Fólk með miðlungs eða mikla þekkingu á stjórnsmálum er því líklegra til að nýta kosningarétt sinn en fólk með litla þekkingu. Rödd ungs fólks þarf að heyrast og nú þegar þátttaka í samfélaginu hefur að einhverju leyti færst yfir á stafrænt form eru augljós tækifæri til áhrifa.

Við í Sjálfstæðisfélagi Seltirninga höfum ávallt lagt áherslu á að virkja unga Seltirninga til áhrifa og á næstu mánuðum munum við m.a. birta efni á Facebook síðu félagsins um málefni ungs fólks. Til að gera enn betur viljum við í Sjálfstæðisfélagi Seltirninga efla starf Baldurs, félags ungra sjálfstæðismanna, og leitum nú að áhugasömum einstaklingum sem taka fagnandi við ábyrgð á verkefnum og eru tilbúnir til að hvetja aðra til að sýna frumkvæði í verki. Við leitum að fólki (16-35 ára) til að setjast í stjórn Baldurs og er áhugasömum bent á að senda skilaboð á Facebook (facebook.com/baldurxd) eða með tölvupósti (seltjarnarnes@xd.is). Verkefni eru fjölbreytt og ný stjórn Baldurs fær tækifæri til að efla starfið frá því sem verið hefur. Búum saman til betra Seltjarnarnes. Við þau ykkar sem teljið vænlegt að biðja með stjórnarsetu þangað til seinna sökum anna í námi eða vinnu segjum við; það er enginn tími betri en einmitt núna.

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir.
F.h. stjórnar Sjálfstæðisfélags Seltirninga.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Nesfréttir

www.borgarblod.is

Arna

is- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi



Túrmerik latte Systrasamlagsins, nú til heimabruks

Lífrænn túrmerik latté er einstaklega vinsæll drykkur á Boðefnabar Systrasamlagsins. Hann má nú loks fá til að gera heima. Einnig frábær til að taka með í sumarferðalagið.

Túrmerik latté er þekktur sem "Gullna mjólkin" eða "Halda Ka Doodh". Gullna mjólkin á rætur í suðaustur Asíu þar sem túrmerikrót með öðrum lækningajurtum var blandað út í heita mjólk eða jurtamjólk. "Vitandi um alla þá mögnuðu næringu sem túrmerik hefur fram að færa hönnuðum við systur okkar eigin túrmerik-latté árið 2015. Drykkur sem hefur æ síðan notað mikilla vinsælda enda bæði bragðgóður, bólgueyðandi og sérlega næringarríkur," segja þær Guðrún og Jóhanna í Systrasamlaginu.

Túrmerik-latté-inn inniheldur allt það besta sem góður gullinn latté þarf að innihalda, sem er umfram allt gnótt af frábæru lífrænt vottuðu túrmerki og öðrum lækningajurtum.

Túrmerik-latté er góður drykkur síðla dags og eða kvöldin þegar nartþörfin herjar á. Eða sem kærkomin hvíld frá kaffi. Blandan er í senn lífræn og vegan og má skoða betur eða versla á www.systrasamlagid.is. Hann fæst einnig í verslun Systrasamlagsins á Óðinsgötu 1.



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í
Tónlistarskóla Seltjarnarness
fyrir skólaárið 2021-2022.
Innritunin stendur til 17. maí og
fer fram á www.seltjarnarnes.is
undir **Mínar síður** í hægra horni efst.
Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Skólastjóri

NÝR AFHENDINGARSTAÐUR Á EIÐISTORGI



SÆKTU Í BOXIÐ

ÞAÐ ER
ALLTAF
OPIÐ



TVG EXPRESS

Nesklúbburinn

Mikil fjölgun í barna- og unglíngastarfinu



Elstu kylfingarnir Nesklúbbsins klára sína daglegu þúttæfingu í Risinu þegar yngstu kylfingarnir, 1.-3. bekkur mæta á sína æfingu. 83 ár eru á milli yngsta og elsta kylfings á myndinni.

Hátt í 90 börn og unglíngar hafa sótt skipulegar vikulegar æfingar hjá Nesklúbbum í vetur. Þar af hefur orðið mikil fjölgun stelpna í starfinu hjá okkur í Nesklúbbum, en um 25 stelpur hafa æft í vetur undir handleiðslu Matthildar Maríu Rafnsdóttur. Þessi mikla aukning stelpna í golfinu á Nesinu er mjög ánægjuleg þar sem hingað til hafa mun færri stelpur stundað golf en strákar.

Þátttakendum í barnastarfinu hefur fjölgað mikið síðustu 4-5 árin og undanfarin tvö ár hefur orðið hálfgerð sprenging í fjölda þátttakenda í barnastarfi klúbbsins. Í byrjun maí færur við okkur út á golfvöll, þegar sumartímabilið tekur við af vetrarstarfinu sem hefur verið starfrækt í Risinu á Eiðistorgi undanfarin ár. Allir krakkar sem náð hafa skólaaldri eru velkomnir að koma og prófa golfæfingu hjá okkur. Áhugasamir geta sent póst á steinngunnars@gmail.com



Hannes Alfreð Hannesson, forstöðumaður TVG-Xpress.

TVG-Xpress komið á Eiðistorg

Flutningafyrirtækið TVG-Xpress hefur opna afhendingastöð við Hagkaup á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Hannes Alfreð Hannesson, forstöðumaður TVG-Xpress, segir félagið reikna með að eftirspurnin aukist með fleiri sjálfsafgreiðslustöðvum. Íslendingar séu byrjaðir að læra á þægindi netverslunar.

„Við tengjumst netverslunum rafrænt, sækjum vörurnar til þeirra og svo eru þær teknar hingað í vöruhúsið í flokkun og fara svo í áframflutning hjá okkur. Húsið er þannig uppsett að það getur tekið á móti þessu. Þar eru margar hurðir og gott gegnumstreymi. Við notum akstursforrit frá Samsýn sem byggist á vegalengdum í Reykjavík. TVG-Xpress afhenti í fyrra um 174 þúsund sendingar, eða um 100 þúsund fleiri en árið 2019. Var fjölgunin að langstærstu leyti tilkomin vegna innlendrar netverslunar. Fyrirtækið var stofnað árið 2016 í kringum þjónustu við Skynet sem sér meðal annars um flutninga fyrir netrisann Asos og JD Sport. „Við stefnum á að vera komin með yfir 20 eigin afhendingarstaði á höfuðborgarsvæðinu í ár. Við viljum vera í hverju hverfi, sem næst viðskiptavininum. Samkeppnin er hörð og fjölmargir bjóða slíka þjónustu. Markmið okkar er að viðskiptavinurinn upplifi sem besta þjónustu,“ segir Hannes.


SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki lafuguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND

BÓKAÐ MÁL



Hret

Snemma einn morgun um páskaletið stíg ég inn úr óvæntri snjókomu á mannlaust Eiðistorgið. Inni er undarlega dimmt og það tekur mig andartak að átta mig á hvað veldur. Snjórinn hefur sest á gegnsætt þakið svo ljósið á bággt með að smeygja sér í gegn. Birtan hefur tekið á sig nýjan, bláleitan og ókennilegan blæ eins og Ólafur Jóhann eldri lýsti í smásöggunni „Snjór í apríl“.

Ákveðin deyfð fylgir snjókomunni en líka friður eins og í ljóði Kristínar Ómarsdóttur þar sem snjókorinn eru líknandi bómull á hljóðhinnuna.

Hret eru alvanaleg á þessum árstíma en samt finnst okkur undarlegt þegar snjóar og frýs svo nálægt fyrsta sumardeg. Eflaust hafa margir haldið að ofankoman væri gjóska úr Geldingadölum, svo lítið höfum við séð af snjónum í vetur.

Það kann að koma okkur spánskt fyrir sjónir að fagna byrjun sumars svo snemma á árinu en það er í raun nýlegur hugsunarháttur að sumar þýði sól og blíða enda voru sumarmánuðirnir sex samkvæmt gamla íslenska tímatalinu og því var um lengra misseri að ræða sem byrjaði á vorhörkum.

Sumardagurinn fyrsti var lengi ein stærsta hátíðin hér á landi og þess vegna tengist honum ýmis þjóðtrú, t.d. að frost á síðustu vetrarnótt boði gott sumar. Öllu áhugaverðara er þó að láta svara sér í sumartunglið. Þá áttu þau sem sáu fyrsta tungl sumarsins að þegja þar til einhver ávarpaði þau og hafði ávarpið þá spádómsgildi. Þessa hefð mætti endurvekja svo sumarkoman bjóði upp á fleira fyrir okkur sem forðumst regnvotar skrúðgöngur og ótímabæran útifögnuð.

Síðustu dagar vetrar nefnast sumarmál og um þau orti Davíð Stefánsson:

*Svo snauð er engin íslensk sál,
að elska ei ljósið hjarta,
að finna ei sérhver sumarmál
til sólargleði í hjarta ...*

Já, sumarið okkar byrjar kannski alltof snemma en hvað er betra en smá sólargleði í hretinu?

Gleðilegt sumar! Ekki veitir af.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarnes



SELTJARNARNESBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Á SELTJARNARNESI

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis - breyting vegna Melabrautar 20 og Valhúsabrautar 19.

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis - breyting vegna Melabrautar 20 og Valhúsabrautar 19.

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. mars 2021 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Melabraut 20 og Valhúsabraut 19 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis.

Melabraut 20: Í deiliskipulagsbreytingunni felst að rífa núverandi hús sem er með tveimur íbúðum, núv. deiliskipulag gerir ráð fyrir 3 íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum. Hámarks byggingarmagn fer úr 550 m² í 600 m² og hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,6 í 0,65.

Valhúsabraut 19: Í deiliskipulagsbreytingunni felst að rífa núverandi hús sem er einbýlishús með auka íbúð, núv. deiliskipulag gerir ráð fyrir 2 íbúðum og byggja í staðinn hús með fjórum íbúðum. Hámarks byggingarmagn fer úr 483 m² í 571 m² og hámarks nýtingarhlutfall fer úr 0,55 í 0,65.

Varðandi nánari upplýsingar um tillöguna er vísað til kynningargagna. Ofangreinda tillögu og gögn er hægt að kynna sér á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er hægt að senda fyrirspurn á skipulagsfulltrúa Seltjarnarnesbæjar á netfangið postur@seltjarnarnes.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsfulltrúa Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is, eigi síðar en 7. júní 2021.

**Umhverfis- og skipulagssvið Seltjarnarnesbæjar,
Einar Már Steingrímsson, skipulagsfulltrúi.**

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Nesfréttir

Auglýsingasími 511 1188

www.borgarblod.is

UMHVERFISHORNID



Friðlandið Gróttta og nágrenni

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd minna á að ferðabann um friðlandið Gróttta stendur frá 1. maí – 15. júlí ár hvert en utan þess tíma er svæðið öllum opið. Landverðir frá Umhverfisstofnun gæta friðlandsins á meðan varp stendur yfir líkt og undanfarin ár. Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna) og annarra hliðstæðra tækja á varptíma er ekki æskileg. Lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi og gildir hundabann í Gróttta allt árið. Óheimilt er að vera með hunda á vestursvæðunum á varp- og uppeldistíma fugla og eru kattaeyndur hvattir til að setja á ketti sína bjöllu og halda þeim innandyrna þar til varptími er yfirstaðinn. Vegna álags og röskunar sem sjóíþróttir geta haft á viðkvæmasta tíma í lífsferli fugla á varp-, fæðuöflunar- og uppeldistíma ungvíðis þeirra er sjóíðkendum bent á að stunda sjóíþróttir norðan- og sunnan Seltjarnarnes í stað Seltjarnar á varptíma.

Umhverfis dagar verða 3. - 10. maí n.k. en þá gefst Seltirningum kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma á fimm stöðum á Seltjarnarnesi. Gámarnir verða staðsettir við Smábátahöfnina, á horni Lindarbrautar og Norðurstrandar, Eiðistorgi, Austurströnd 1 og við Sæbraut 2. Í lok umhverfis daga verða götur bæjarins sópaðar. Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu. Göngum vel um friðlandið og forðumst eftir fremsta megni að trufla viðkvæmt fuglalíf.

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20
ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignausmjón.is
eignausmjón.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú horfum við fram á hjartari tíma þó við séum alltaf minnt á það með reglulegu millibili að það er faraldur í gangi.

Rifjum aðeins upp og förum ár til baka.

Um mánaðamótin febrúar mars á síðasta ári fóru fyrstu fréttirnar um covid 19 að berast til landsins og fólk farið að veikjast hættulega. Þetta var eitthvað sem enginn átti von á og lítil vitneskja um hvað þarna var í gangi. Næstu daga urðu svo fréttirnar alltaf verri og neyðarfundir yfirvalda skiluðu svo því að allir þyrftu að viðhafa ákveðnar reglur varðandi sóttvarnir og samskipti. Það var svo mánudaginn 8. mars sem öllu var lokað, bönkum, fyrirtækjum og stofnunum almennt og dregið úr ferðafrelsi fólks bæði milli landa og innanlands. Aðal áhættuhóparnir voru eldri borgarar þannig að hér hjá okkur í félagsstarfinu lagðist allt félagsstarf niður strax í fyrstu vikunni í mars. Á þeim tíma óraði engan fyrir því að allt árið lægi undir og gott betur en það. Allt félagsstarf lá niðri til að byrja með fyrstu vikunna. Borðsalurinn lokaði og allir fengu bakkamat. Starfsfólkið hér á Skólbraut hafði áhyggjur af okkar elsta fólki og velti fyrir sér hvort eitthvað væri í okkar valdi til að létta róðurinn hvað félagsleg samskipti varðaði. Alger einangrun er ekki af hinu góða og þá sérstaklega ekki fyrir þennan aldurshóp. Starfsfólkið velti fyrir sér öllum möguleikum á að halda opnu með öllum þeim höftum og reglum sem settar voru varðandi sóttvarnir og samskipti fólks. Til þess að það yrði hægt þurfti heilmikla skipulagningu. Fara þurfti um allt húsnæðið oft á dag til að sótthreinsa alla snertifleti, sprittstövar voru settar upp við alla innganga og annars staðar í rýminu, hópaskipta þurfti þeim sem koma máttu saman og fljótlega var komið á grímuskyldu í rými félagsstarfsins. Þessar ráðstafanir gerðu það að verkum að fólkið hefur getað hist í kaffikróknum alla daga, borðað saman, spjallað og fengið sér kaffi. Hvað námskeiðin og leikfimina varðar þá var ákveðið að reyna að halda ákveðinni virkni hjá þeim sem þess óskuðu og var þá rýmum skipt þannig að innanhúsfólk átti ákveðna daga og tíma og síðan fólk utan úr bæ sem sótti námskeiðin og leikfimina átti sína ákveðnu tíma þar sem ekki þótti æskilegt að blanda saman hópum. Allt annað skipulagt félagsstarf lá niðri að mestu leyti, en þó með smá hléum. Nú rúmu ári seinna horfum við yfir farinn veg og það verður að segjast eins og er að við teljum að þetta hafi tekist eins vel og mögulegt var miðað við stöðuna allan þennan tíma og verið öllum til góðs. En nú erum við vonandi farin að sjá fyrir endan á öllu þessu fari og getum þá horft með bjartsýni fram á við og að strax í maí verði hægt að opna fyrir eitthvað meira. Það er ekki annað hægt en að fyllast virðingu og þakklæti til þessa aldurshóps sem sem í raun hefur þurft að færa stærstu fórnirnar. Polinnæði þeirra hefur verið einstök en allir eru sammála að nú sé nóg komið.

Í síðasta blaði Nesfréttanna var fólk beðið um að koma með tillögur og eða breytingar á dagskrá fyrir bæði sumarið og haustið og stendur það enn opið. Hafið samband á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

Nú stendur yfir skemmtilegt tölvanámskeið þar sem farið er yfir hina ýmsu samfélagsmiðla og aðrar upplýsingaveitur.

Að öllu óbreyttu ljúkum við vetrarstarfinu með handverkssýningu. Vegna aðstæðna þá verður sýningin með breyttu sniði að þessu sinni og leggjum við áherslu á að hafa vinnustofurnar opnar með bæði verkum í vinnslu og fullunnum. Þetta er ný og skemmtileg nálgun og sýnir vel þau námskeið sem verið hafa í gangi hjá okkur, en þar erum við að tala um leir og glerlist, bókband og svo alla aðra handavinnu, útsaum, þrjónaskap og fleira skapandi. Sýningin verður laugardag og sunnudag 29. og 30. maí og verður opin milli kl. 13.00 og 18.00 báða dagana. Ef fjöldatakmörkanir leyfa verður vöflukaffi á Skólbrautinni eins og venjulega.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár þá taka framhaldsskólanemar við stjórn félagsstarfsins yfir sumartímann og verður dagskrá þess væntanlega auglýst í næsta blaði.

Starfsfólk félags og tómstundastarfs óskar ykkur öllum ánægjulegs sumars.

Nesfréttir www.borgarblod.is

LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI

Öll umferð hunda bönnuð á vestursvæðum
1. maí - 31. júlí vegna fuglavarps



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarékin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Hjúkrunarfræðingar

Laus er staða hjúkrunarfræðings á nýlegu 40 rýma hjúkrunarheimili að Safnatröð 1, Seltjarnarnesi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Um er að ræða hlutavinnu, morgun, kvöld, nætur og helgarvinnu.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar sími 864-4184.

Íslenskt hjúkrunarleyfi.

Vinsamlegast setjið **Nes**-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Maksim Akbachev ráðinn yfirþjálfari handknattleiksdeildar

Maksim Akbachev hefur verið ráðinn yfirþjálfari Gróttu til næstu tveggja ára. Hann tekur við því öfluga starfi sem Hákon Bridde hefur sinnt undanfarið ár við að leiða uppbyggingu handboltans í Gróttu, í samvinnu við stjórn og aðra þjálfara. Maksim gekk til liðs við Gróttu árið 2020 þegar hann hóf að þjálfa 4. flokk karla og kvenna.

Auk þess starfaði Maksim sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla undanfarið ár og sinni afreksæfingum hjá félaginu. Þjálfaraferil sinn hóf Maksim hjá Val. Árin 2017-2019 þjálfaði hann hjá Haukum þar sem hann var aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og stýrði einnig ungmennaliði félagsins í Grill-66 deildinni.

Maksim hefur einnig komið að þjálfun yngri landsliða Íslands og stýrði meðal annars U-17 ára landsliðinu í tvö ár. Maksim hefur á tíma sínum hjá Gróttu getið sér gott orð sem þjálfari, bæði með okkar yngstu iðkendur og þeim elstu. Það er því mikil tilhlökkun hjá stjórn Barna- og unglingaráðs Gróttu fyrir komandi tímabilum með Maksim við stjórnina enda á ferðinni metnaðarfullur og reynslumikill þjálfari sem hefur miklu að miðla til iðkenda og þjálfara.

Kjartan Kári í æfingahóp U19

Gróttumaðurinn Kjartan Kári Halldórsson var í æfingahóp U19 ára landsliðsins.

Ólafur Ingi Skúlason, landsliðsþjálfari U19 karla, valdi 23 leikmenn frá 12 félögum til æfinga 25. til 28. mars, en æfingarnar fóru fram í Skessunni í Hafnarfirði.



Nanna og Freyja Íslandsmeistarar



Axel, Sesselja, Freyja, Sóley, Nanna og Gabriella.

Íslandsmót í áhaldafimleikum fór fram helgina 20. – 21. mars í Ármanni. Nanna Guðmundsdóttir vann í kvennaflokki en þetta er hennar fyrsti Íslandsmeistaratitill í fjölþraut í fullorðinsflokki. Freyja Hannesdóttir gerði sér síðan litíð fyrir og varð Íslandsmeistari í unglingaflokki.

Á sunnudeginum var keppt

til úrslita á einstökum áhöldum. Í kvennaflokki varð Nanna Guðmundsdóttir í 1. sæti á gólfi og 2. sæti á tvíslá. Sóley Guðmundsdóttir varð í 2. sæti á stökki. Í unglingaflokki varð Freyja Hannesdóttir í 1. sæti á tvíslá og 3. sæti á stökki, gólfi og slá.

Við óskum þeim og þjálfurum innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.



Eydís, Elín, Lilja og Lilja skrifa undir

Þrjú ungir leikmenn fæddar árið 2005 hafa skrifað undir tveggja ára samninga við Gróttu. Þær eru Elín Helga Guðmundsdóttir, Lilja Lív Margrétardóttir og Lilja Davíðsdóttir Scheving.

Lilja Lív steig sín fyrstu skref með meistaraflokki fyrir rúmu ári. Hún spilaði mikið á undirbúningstímabilinu og lék svo átta leiki í deild og bikar. Lilja hefur síðustu mánuði æft reglulega með U16 ára landsliði Íslands. Lilja Scheving spilaði tvo leiki með meistaraflokki í fyrra en kom svo af krafti inn í Gróttuliðið á þessu undirbúningstímabili. Hún æfði á dögnum með U16 landsliðinu en lenti í því óláni að fá höfuðhögg í lok febrúar sem hefur haldið henni frá keppni síðustu vikur. Elín Helga var líkt og Lilja og Lilja lykilkona í 3. flokki Gróttu/KR sem komst í úrslitaleik Íslandsmótsins síðasta haust. Elín hefur komið af krafti inn í æfingahóp Gróttu í vetur og komið við sögu í flestum leikjum það sem af er þessu undirbúningstímabili. Við sama tilefni skrifaði Eydís Lilja Eysteinsdóttir undir sinn fyrsta samning við Gróttu. Eydís var lykilleikmaður í Gróttuliðinu árin 2017 og 2018 en spilaði ekkert árið 2019 vegna barneigna. Eydís vann sig hægt og bitandi inn í Gróttuliðið í fyrra og skoraði þegar upp var staðið 4 mörk í 13 leikjum. Í vetur hefur Eydís verið í stuði í framlínu Gróttu og skorað sex mörk í fyrstu sjö leikjum undirbúningstímabilsins. Eydís, sem er uppalin í Stjórnunni, er 28 ára gömul og er elsti leikmaður Gróttuliðsins.

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

GETRAUNIR.IS

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Björn ION Kristinsson (Bjössí Sax) tónlistarmaður. Björn var útnefndur Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021 á dögunum.

Fullt nafn? Björn Kristinsson.

Fæðingard. og ár? 24. maí 1994.

Starf? Tónlistarmaður og saxophoneleikari.

Farartæki? Saab 93 - turbo, blæjubíll - árgærd 2007.

Helstu kostir? Hreinskilinn, jákvæður og trúr.

Eftirlætis matur? Íslensk kjötsúpa er það allra besta.

Eftirlætis tónlist? Smooth jazz og allt popp.

Eftirlætis íþróttamaður?

Á ekki uppáhalds íþróttamann.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Íslenski-, asíski-, og Suður-Ameríski draumurinn.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Á mér enga sérstaka uppáhalds bók.

Uppáhalds leikari? Damon

Younger og Hjálmar Hjálmarsson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Lord of the rings .

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Æfi mig á saxófóninn mjög mikið og hitta góða vini.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Kirkjubæjarklaustur og Kjósinn.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika, traust, hómur, og gleði.



Hvern vildir þú helst hitta?

Cannonball Adderley saxófónleikara.

Uppáhalds vefsíða? YouTube - er alltaf þar inná að upplifa eitthvað nýtt.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Ég myndi ekki vilja neitt sérstakt! Halda bara áfram að blómstra svona vel og njóta þess að eiga góða fjölskyldu.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Kaupa mér allra dýrasta saxophone heims.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Setja stórann heitann pott í miðja Plútóbreyku sem allir gætu komið saman og notið góðs af. Og einnig myndi reisa stóra styttu af uppáhalds saxófónleikaranum mínum uppá Valhúshæð. Og svo myndi ég auka tónlistarviðburði og hafa meiri skemmtanir í bænum.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA SYSTRASAMLAGSINS



Bústaðu þig og þína upp í maí með ofurþeytingum og skálum frá Systrasamlaginu!

Frábært fyrir fyrirtæki sem vilja næra, bæta og kæta fyrir sumarið.

Skoðaðu það sem er í boði á www.systrasamlagid.is

Flest er lífrænt, sumt glútenlaust, margt vegan en ekkert bragðlaust.



Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Þri-fös: 11-18

Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK

systrasamlagid.is

@systrasamlagid

Sími: 511 6367



www.systrasamlagid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbreyku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

ENGAR

TÍMAPANTANIR!

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaþrif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaþrif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is